

Minnisblað - Kostnaður vegna túlkajónustu í tengslum við heilbrigðisþjónustu

Túlkajónusta:

Sjúklingur sem er sjúkratryggður á Íslandi en talar ekki íslensku, hefur ekki náð fullu valdi á málinu eða talar táknmál, á samkvæmt lögum rétt á að fá túlk endurgjaldslaust þegar leitað er lækniástoðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, en ákvæði 5. gr. er svohljóðandi;

Sjúklingur á rétt á upplýsingum um:

- heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
- fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
- önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,
- möguleika á að leita álist annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Almenn viðmið sem heilbrigðisstarfsmenn skulu styðjast við varðandi túlkajónustu, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1145/2015, um túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð fyrir sjúklinga.

- Panta túlkun fyrir fram. Þegar sjúklingur pantar tíma hjá lækni í fyrsta sinn og vísbendingar koma fram um að viðkomandi skilji ekki íslensku er æskilegt að sá sem tekur á móti pöntuninni athugi hvort hann þurfi á túlki að halda.
- Meðferðaráætlun. Ef sjúklingur þarf meðferð um skemmri eða lengri tíma er æskilegt að meðferðaráætlun sé gerð í upphafi meðferðar sem er útskýrð rækilega fyrir sjúklingi.
- Safna saman erindum. Reynt skal eftir föngum að safna erindum, sem krefjast túlks á sama tungumáli, á sama daginn.
- Sjúklingar með sæmilega færni í íslensku. Almennt sé miðað við að kalla ekki til túlk vegna fólks sem er komið með sæmilega færni í íslensku nema það sé mat starfsmanns að túlkun sé lykill að árangri í meðferðinni.
- Túlkun um síma. Bent er á að túlkun í gegnum síma getur verið góður kostur og æskilegt að nota ef það er talið fullnægjandi.
- Túlkun um net og skjá. Nýta má fjartúlkun á skjá yfir netið sé það talið fullnægjandi.

Greiðsla kostnaðar vegna túlkajónustu, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1145/2015, um túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð fyrir sjúklinga.

- Heilbrigðisstarfsmenn sem starfa utan stofnana sem tilgreindar eru í viðauka. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) annast greiðslur fyrir þessa túlkajónustu samkvæmt reglugerðinni í samræmi við samning Ríkiskaupa við þjónustuaðila um túlkajónustu þegar sjúklingur er sjúkratryggður. Túlkar sem hafa túlkað fyrir sjúkratryggðan skulu senda reikning vegna veittrar þjónustu til SÍ ásamt staðfestingu frá viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni um að nauðsyn hafi verið á aðstoð túlks fyrir sjúkling.
- Túlkajónusta á stofnun. Sé þörf fyrir túlkajónustu á stofnun sem tilgreind er í viðauka fellur kostnaður við þjónustuna á viðkomandi stofnun.
- Ósjúkratryggðir. Sé þörf fyrir túlkajónustu þegar í hlut á ósjúkratryggður sjúklingur fellur kostnaður við þjónustuna á hlutaðeigandi sjúkling, sbr. reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir og skv. lögum um sjúkratryggingar.

Verktökulæknar hjá SÍ. SÍ (slysatryggingar/sjúklingatrygging) greiða fyrir túlkajónustuna (vegna matsferlis), enda sé um að ræða þjónustu frá aðila sem gert hefur rammisamning við Ríkiskaup um almenna túlkajónustu.

Túlkun fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta annast Samskiptamiðstöð, sbr. lög nr. 129/1990 um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta.

Viðauki – Eftirtaldar stofnanir greiða fyrir túlkajónustu, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1145/2015:

Landspítali
Sjúkrahúsið á Akureyri
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík
Heilsugæslustöðin Lágmúla, Reykjavík
Læknavaktin
Heilsugæslustöðin Salahverfi í Kópavogi
Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Heilbrigðisstofnun Austurlands
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Krabbameinsfélag Íslands, leitarstöð
Reykjalundur
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands
SÁÁ
Hlaðgerðarkot
Krýsuvíkurheimilið
Öldrunarstofnanir sem reka hjúkrunarrými, dvalarrými og dagdvalarrými
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri
Sjálfbjörg
Heyrnar- og talmeinstöð Íslands.

Rammasamningur ríkiskaupa:

Eftirtaldir aðilar hafa gert rammasamning við Ríkiskaup um almenna túlkajónustu;
Alþjóðasetur ehf., Alexander Dungal, s. 5309300.
InterCultural Ísland ehf., Guðrún Pétursdóttir, s. 5179345.
Jafnréttishús, Amal Tamimi, s. 5340107.
Markmál ehf., Elísa K.T. Elíasdóttir, s. 5775003.
Niels Rúnar Gíslason, Niels Rúnar Gíslason, s. 6998830.
Renata ehf., Renata Erlendsdóttir (Erlendsson), s. 5572890.
Skjal þjónusta ehf., Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir, s. 530 7300.
Túlkajónustan Míttra sf, Leyla Eve Gharvi, Leyla Eve Gharavi, s. 8222879.
Túlkajónustan slf. Sandra María Steinarsd. Polanska, s. 5170606.

Samantekt:

Þegar sjúklingur er sjúkratryggður og um heilbrigðisstarfsmenn er að ræða sem starfa utan stofnana sem tilgreindar eru í viðauka, greiða SÍ.

Þegar stofnun er tilgreind í viðauka, fellur kostnaður við þjónustuna á viðkomandi stofnun.

Ef ósjúkratryggður einstaklingur þarf túlkajónustu, fellur sá kostnaður á hann sjálfan.